

Menntun og lífsfylling

Ólafur Páll Jónsson

Dósent í heimspeki við Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Málþing Kvasir, samtaka símenntunarmiðstöðva á Íslandi,

í tilefni af 10 ára afmæli samtakanna,

á Hótel Örk 13. október 2010

Tíminn

Hvað fyllir tímann? Það er stöðugt viðfangsefni sérhverrar manneskju að fylla þann tíma sem hún hefur. En með hverju fyllum við þennan tíma? Og með hverju *ættum* við að fylla tímann? Á augnablikum fullnægju, t.d. í skemmtilegum leik, hvarflar ekki að nokkurri manneskju að spyrja þessarar spurningar. Það hvarflar ekki heldur að lesanda sem reifari hefur hrifið með sér. Það hvarflar ekki heldur að hlustanda sem lifir sig inn í tónlist sem hann hlýðir á. Það hvarflar ekki heldur að manneskju sem hefur lagt í göngu út í náttúruna týnt sér í töfrum hennar. Það hvarflar sumsé ekki að nokkurri manneskju að spyrja þessarar spurningar á bestu stundum lífsins. Kannski er spurningin um hvað fyllir tímann beinlínis til marks um ófullnægju. Það segði þá eitthvað um okkur heimspekingana sem höfum gert hana að ævilöngu viðfangsefni okkar.

Áður en ég geri svartsýni heimspekinga að frekara umræðuefni, er ekki úr vegi að skoða tímann úr annarri átt. Við þekkjum öll orðatiltækið: Að drepa tímann. Við sitjum á biðstofu, og drepum tímann á meðan við bíðum eftir því að röðin komi að okkur. Við sitjum heima og drepum tímann þangað til fréttirnar byrja í sjónvarpinu. Við mætum í vinnuna og okkur leiðist vinnan og við drepum tímann fram að mat, fram að kaffi, fram að lokum dagsins. Við fylgjumst kannski með vísi á klukku fara hringi á skífunni, telja sekúndurnar

eina af annari, og biðum þess að liðnar sekúndur hrúgist upp nógu margar því að lokum, þegar þær eru orðnar nógu margar, er biðin á enda. Á slíkum stundum erum við í stöðu fangans sem afplána dóm bak við læsta rimla. Það fer ekki framhjá okkur að tíminn líður – hann verður viðfangsefni athygli okkar – en hann líður hægt og eyðilega.

Þannig er tíminn ýmist ósýnilegur, því það sem fyllir vitund okkar eru áleitin viðfangsefni eins og morðgáta eða tónar en ekki tíminn, eða sýnilegur og um leið nánast þyngslaleg byrði á tilverunni. Með þessum hætti birtist í vitundinni um tímann átakanlegur tómleiki tilverunnar. Þetta er tilvera sem hefur ekkert eiginlegt viðfangsefni heldur einkennist hún einfaldlega af því að hún líður áfram. Og andspænis tilveru af þessu tagi virðist fátt hægt að gera annað en að bægja frá vitundinni um tímann, leita að flóttaleiðum. Þetta gerum við líka í ríkum mæli. Við köllum það afþreyingu – það er leið manneskju til að þreyja af eyðileika tímans.

Þegar við hugsum um afþreyingu, hugsum við ef til vill um afmarkaðar stundir á kvöldin og um helgar, þegar við erum þreytt eftir strangan dag í vinnunni – eða lúin eftir langa vinnuviku – og þá viljum við gera eitthvað heilalaust, eins og sagt er. Eitthvað sem krefst ekki einbeitingar, því við erum þreytt, en við viljum gjarnan fylla tímann með einhverju notalegu, jafnvel skemmtilegu, einhverju hæfilega grípandi en áreynslulausu, svo tilveran verði ekki bara afplánun uns svefninn frelsar okkur frá þeim örlögum að þurfa að horfast í augu við tímann.

Við þekkjum vel þann munað sem fylgir því að gleyma sér yfir vel gerðri afþreyingu. Um víða veröld hefur líka orðið til yfirgripsmikill iðnaður sem hefur það að markmiði að skemmta fólki með því að búa til afþreyingu handa því.

Veröld á flóttu

Það sem einkennir afþreyingu er að hún stytir tímann – hún gerir hann

skamman. Þess vegna er afþreying líka stundum kölluð skemmtun. Og hér erum við kannski komin að svolitlum aðalatriði um það, hvernig við bregðumst við tómleika tímans. Afþreyingin bregst við tímanum með því að beina athygli okkar annað um stundarsakir, uns eitthvað enn annað tekur við. Þessi leið einkennist af einhverskonar flótta frá því að horfast í augu við tímann og horfast í augu við þá staðreynd að við – veraldlegar manneskjur – lifum í tíma og höfum takmarkaðan tíma.

Hin fullkomna andstæða afþreyingarinnar birtist í viðleitni fólks til að undirbúa sig fyrir framtíðina. Að þessu verkefni koma skólarnir með skipulegum hætti, og aðrar stofnanir á vettvangi menntunar, og segja má að hin hugmyndafræðilega sýn á menntun sem er ríkjandi í samfélaginu sé einmitt menntun sem undirbúningur fyrir það sem koma skal – hvort sem það er frekari menntun eða vinna. Þessi hugmynd felur í sér, á sinn hátt, engu minni flótta frá tímanum en afþreyingin. Samkvæmt þessu liggur gildi menntunarinnar – gildi reynslunnar – allt í framtíðinni. Núvirði þeirrar reynslu sem manneskjan verður fyrir er ekkert. Núvirði reynslunnar er gert að engu, vegna þess að á hverju augnabliki er manni sagt að horfa inn í framtíðina í leit að gildi þess sem á sér stað á þessu augnabliki og það er eðli framtíðarinnar að hún er ávallt utan seilingar.

Þessi tvennskonar viðbrögð við eyðileika tímans mega heita einkenni á nútímanum. Þau birtast annars vegar í sífelldri frestun. Dæmi um þetta er námsval nemenda í framhaldsskólum þar sem mikill fjöldi nemenda skipuleggur námið með það fyrir augum að loka ekki á neina möguleika. Nemandi sem hefur áhuga á tungumálum og bókmenntum, velur náttúrufræðileið vegna þess að hann telur að sú leið haldi fleiri möguleikum opnum heldur en málanám. Hann segir kannski sem svo: „Maður getur alltaf lært tungumál seinna“. Og svo leggur hann af stað inn í veturinn í skipulegri viðleitni til að fresta því að taka afstöðu til þess hvað hann vill verða. Til að þreyja veturinn leitast nemandinn svo við að finna leiðir til að fylla upp í

tímann, því námið gerir það auðvitað ekki. Námið er ekki markmið og hefur einungis gildi sem viðurkennd leið til að fresta því að taka ákvörðun um hvað hann vill gera við líf sitt. Afleiðingin verður sú að tíminn er fylltur af stundlegri afþreyingu á meðan vikurnar líða við merkingarlaust skólaamstur.

Þetta frestunareðli framhaldsskólans skýrir örugglega hluta af því mikla brottfalli sem þar er. Auðvitað mæta ekki allir nemendur til leiks með það fyrir augum að fresta því að taka stefnu í lífinu – þarna eru líka áhugasamir nemendur sem grípa tækifæri framhaldsskólans fegins hendi og sökkva sér í námið, bæði bóklegar og verklegar greinar.

Einstaklingsvæðing og menningarleg leysing¹

Frestunareðli framhaldsskólans er ekki afleiðing einfaldlega af skipulagi skólans eða námsframboði heldur á það sér mun djúpstæðari rætur í einstaklingsmyndun og samfélagsgerð nútímans, samfélagsgerð sem einkennist af því sem kallað hefur verið *einstaklingsvæðing*. Einstaklingsvæðingin er ekki það sama og einstaklingshyggja. Einstaklingshyggja er pólitísk kenning – eða safn kenninga – sem gengur út frá tilteknum einstaklingsbundnum réttindum sem grundvelli réttlætis. Einstaklingsvæðing er hins vegar félagsfræðileg kenning um það hvernig manneskjur skilgreina sjálfa sig – hvernig þær líta á sjálfa sig – þ.e. hvernig þær svara spurningunni: Hver er ég? og líka spurningunni: Hvað er ég? Viðfangsefnið hér er það sem kalla mætti einstaklingsmyndun – hvernig við verðum að einstaklingum. Einstaklingsvæðing vísar til þess að einstaklingsmyndun verður með öðrum hætti nú en hún var fyrr á tímum. Sjálfsmyndin er ekki skilgreind með sama hætti og áður var út frá ætt og uppruna og félagslegri stöðu, heldur ræðst hún af persónulegum hæfileikum, lífssögu og framtíðaráformum. Og sjálf lífssagan einkennist meira af vali – og því að maður stendur frammi fyrir vali – heldur en því að tiltekin

¹ Hugtakið ‘einstaklingsvæðing’ kemur frá breska félagsfræðingnum Anthony Giddens og hugtakið ‘menningar leysing’ frá þýska félagsfræðingnum Thomas Ziehe. Góð umfjöllun um þessi hugtök er í bók Gests Guðmundsson, *Félagsfræði menntunar* (Reykjavík: Skrudda, 2008).

viðmið séu gefin sem hægt sé að bera sig saman við. Á sama tíma hefur átt sér stað menningarleg leysing. Það er ekki bara svo að þjóðleg menning hafi vikið fyrir fjölmenningu, heldur eru menningarleg viðmið og gildi ekki lengur sjálfsögð.

Einstaklingsvæðing og menningarleg leysing hafa örugglega orðið til þess að losa marga undan viðjum afturhaldssamra hefða og fordóma, en á sama tíma er afleiðingin líka óöryggi og rótleysi. Óöryggið beinist ekki bara að kjörum fólks heldur einnig, og ekki síður, að þeim gildum sem maður getur lagt til grundvallar tilveru sinni. Ákvörðun um hvað maður ætti að læra er ekki bara ákvörðun um starfsvettvang, þetta er ákvörðun um *hver* maður er og verður.

Menntun, símenntun, lífsmenntun

Hvers vegna er ég að þreyta ykkur á þessum annarlegu hugrenningum á 10 ára afmæli símenntunarmiðstöðva? Jú, vissulega hef ég minnst á skóla, og það kemur símenntunarmiðstöðvum við. Og ég hef minnst á brottfall úr skólum, sem kemur símenntunarmiðstöðvum kannski enn meira við, því brottfalls-nemendur þurfa að hafa einhver menntunarúrræði seinna meir vilji þeir ekki verða utangátta í samfélaginu – þessu samfélagi sem reiðir sig æ meir á hverskyns menntun, fræðslu og sérstaka færni borgaranna. Stundum fullnægja símenntunarmiðstöðvarnar þörfum þessara nemenda, stundum eru þær leið þeirra inn í hið stóra og þrautskipulagða – en svolítið ferkantaða – skólakerfi.

Ef það er rétt að við búum á tímum einstaklingsvæðingar og menningarlegrar leysingar, má gera ráð fyrir að hlutverk símenntunarmiðstöðva eigi eftir að aukast jafnt og þétt. En það á ekki bara eftir að aukast, það á líka eftir að breytast. Fyrir nokkrum árum var talað um endurmenntun – og reyndar er enn til Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands. Hugmyndin um endurmenntun kom, að ég held, frá atvinnulífinu. Alltjént hefur gjarnan verið litið á endurmenntun sem einvherskonar endurhæfingu fyrir atvinnulífið og menntunin sem slík hreinn og klár undirbúningur fyrir það sem koma skal. Núvirði

þeirrar reynslu að vera í námi er þá hreint aukaatriði. Einhver segði kannski: „Þetta er leiðinlegt nám en gagnlegt“ og það væru meðmæli með náminu. Auðvitað er nám sem skipulagt er undir þessum formerkjum ekki endilega leiðinelegt – það getur vel verið ljómandi skemmtilegt. En eftir sem áður er það fyrst og fremst gagnsemin – metin á kvarða vinnumarkaðarins sem bíður handan við hornið – sem skiptir máli um gæði námsins.

Núna hefur endurmenntun vikið fyrir símenntun. En hver er breytingin? Vel má hugsa sér tvenniskonar breytingar sem þessi orðalagsbreyting er til marks um. Önnur er jákvæð, hin neikvæð. Ef orðið símenntun vísar til þess að litið er á líf fólks sem lærdómsferli sem hefur ekkert sérstakt upphaf annað en fæðinguna og engin sérstök lok önnur en dauðann, þá er þetta til marks um jákvæða breytingu. En ef þetta er til marks um að við séum stöðugt ófullkomin, að sú endurhæfing sem endurmenntunin gerði ráð fyrir, sé að eilífu óklárað verk, þá er þetta skelfileg hugmynd. Gefum okkur að orðið símenntun vísi til breytingar af fyrra taginu, þ.e. að orðalagsbreytingin vísi til þess að litið sé á manneskjulegt líf sem ræktun mennskunar en að hún vísi ekki til þess að við séum sífellt ófullkomin og einhvern veginn ekki alveg nógu góð.

Ef orðið *símenntun* vísar til þess að gott líf einkennist af rækt við mennskuna, þá er þetta orð kannski ekki nógu heppilegt. Gallinn er sá að tímaþátturinn er gerður að aðalatriði, en lífið hefur fleiri víddir en tímann einan. Ef menntun á að vera svarið við því, hvernig við förum að því að bregðast við áskorunum einstaklingsvæðingar og menningarlegrar leysingar, þá er ekki nóg að menntunarferlið taki ekki enda á tilteknum tíma samkvæmt fyrirframgefnu stofnanaskipulagi, það þarf líka að vera án takmarkana í lífi fólks. Menntunarferlið, hvort heldur innan eða utan hins skipulega skólakerfis, þarf sem fyrr að gera fólki kleift að mæta kröfum atvinnulífsins. En það þarf líka að gera fólki kleift að mæta kröfum lýðræðislegs samfélags, og það þarf líka að mæta kröfum manneskjulegs lífs.

Við heyrum oft talað um mannsæmandi líf. Yfirleitt er þá verið að tala um

líf sem hefur ákveðið lágmark efnislegra gæða að forsendu. Manneskjulegt líf er eitthvað annað. Manneskjulegt líf er líf sem lifað er með siðferðilegri reisn. Menntun sem miðar að manneskjulegu lífi í þessum skilning þarf þess vegna að hafa gildismat fólks að viðfangsefni. Ekki bara gildismat tiltekinna einstaklinga, heldur gildismat alls samfélagsins. Og þetta viðfangsefni – gildismat samfélagsins – er talsvert annað en það var fyrir nokkrum áratugum síðan. Og hér vaknar áleitin spurning: Hvaða vit er í því að tala um manneskjulegt líf með einhverjum almennum hætti á tímum menningarlegrar leysingar og einstaklingsvæðingar? Það gengur ekki að segja sem svo: „Maður verður að finna sér fastan punkt í tilverunni, fast land að standa á. Og þeim sem hafa misst fótana verður að bjarga úr flóðinu – leysingarvatningu – og koma á þurrt.“ Hugmyndin um menningarlega leysingu og einstaklingsvæðingu er einmitt sú að það er ekkert þurrt land sem hægt er að ganga að sem gefnu og bjarga manni uppá og þar sem maður getur komið sér makindalega fyrir. Til að komast af þarf maður að læra að sigla.

Að læra að sigla – svo ég haldi nú áfram með þessa líkingu – felur í sér að maður lærir líka að sigla beitivind, og svo siglir maður beitivind ef svo ber undir. Það er ekki bara hægt að láta berast með vindinum, jafnvel þótt skútan komist á góðan skrið með því mót. Að fresta því að taka stefnu í lífinu er einmitt að láta berast með vindinum. Símenntun verður því að vera lífsmenntun ef hún á að vera virkilega eftirsóknarverð. Menntun sem beinist ekki bara framávið eða sem miðar að sífelldri endurnýjun, heldur menntun sem miðar að því að mennta alla manneskjuna. Það er nefnilega munur á því að vera alltaf að mennta manneskjuna og hinu að mennta alla manneskjuna.

Upplifun, undirbúningur og menntun

Ykkur finnst ég kannski kominn nokkuð langt frá spurningunni sem ég spurði í upphafi: Hvað fyllir tímann? En þessi spurning er í raun búin að fljóta með í gegnum allt þetta spjall. Það sem býður okkar er að fylla tímann. Þetta býður

okkar vegna þess að við erum manneskjur. Og það sem ég hef verið að lýsa er nánast skipulögð viðleytni til að leggja á flótta undan þessu verkefni. Það sem mig langar að kalla eftir er að við horfumst í augu við þetta verkefni og reynum að takast á við það sem manneskjur.

Flóttinn undan eyðileika tímans sem ég lýsti í upphafi og kristallast ýmist í sókn í afþreyingu eða sífelldri viðleitni til að undirbúa sig fyrir það sem á eftir að koma. Þessar tvær myndir flóttans birtast annars vegar í ofuráherslu á upplifun og hins vegar í ofuráherslu á undirbúning. Upplifun er bundin stund og stað. Gildi hennar er algerlega bundin við það sem ég hef kallað núvirði. Undirbúningur hefur, á hinn bóginn, ekkert núvirði. Gildi undirbúnings ræðst algerlega að því, annars vegar *fyrir* hvað hann er undirbúningur, og hins vegar hversu vel hann býr í haginn fyrir það sem koma skal. Vandinn sem við stöndum frammi fyrir, ef við viljum ekki setta okkur við veröld á flótta, er að finna leið til að miðla á milli þessara andstæðu póla: upplifunar og undirbúnings – að finna í uppfyllingu tímans eitthvað sem hefur í senn gildi hér og nú og sem vísar út fyrir sig.

Miðlun á milli þessara póla upplifunar og undirbúnings hefur verið viðfangsegni fjölmargra heimspekinga á ólíkum öldum. Við gætum tínt til ýmsa spekinga í þessu sambandi, allt frá Forn-Grikkjum til heimspekinga samtímans.

En við þurfum reyndar ekki að leita langt því inntakið í menntaheimspeki Guðmundar Finnbogasonar, sem lagði grunninn að íslenskum almennings-skólum – *lýðmenntuninni* eins og hann kallaði það – við upphaf 20. aldarinnar, var einmitt hugtak um menntun sem hafði þessa eiginleika.

Mismunur á menntunarstigi ætti þá fyrst og fremst að vera fólgin í því hve misnæmir menn eru fyrir áhrifum utanað. Hinn menntunarsnauði ætti samkvæmt því að greina verr þá hluti sem í kringum hann eru en hinn sem menntaður er, auga hans vera sljórra fyrir öllum litbrigðum hlutanna, legu þeirra, lögun, stærðarhlutföllum og hreyfingu; eyrað ekki eins næmt fyrir hljóðum og tónum, mismunandi styrk þeirra, hæð og hljómlæ, samræmi og ósamræmi; nefið óþefvísara og því óvandara að virðingu sinni, er um ilm eða angan er að ræða; tungan óbragðnæmari og

smekkurinn því óhlutvandur; húðin ekki eins viðkvæm fyrir áhrifum, hvort sem þau eru snerting, þrýstingur, hiti, kuldi eða hvað annað; og jafnframt þessu ætti hinn ómenntaði ekki að hafa eins viðkvæma tilfinningu fyrir sælu og kvöl, þægindum og óþægindum, er skynjanir vekja. Skynfæri hans og taugakerfi væru með öðrum orðum grófgerð og ónákvæm; hann væri andlegur þykkskinnungur.²

Menntun getur ekki verið fólgin í einhliða æfingu vissra krafa, hún verður að efla manneðlið í heild sinni, hún verður að koma á samræmi milli allra líkams- og sálarafla mannsins ...³

Um markmið menntunar sagði hann m.a.:

... menntun hvers manns verður að metast eftir því hve hæfur hann er til að lifa og starfa í mannlegu félagi, lifa og starfa þannig að líf hans verði með hverjum degi meira virði fyrir sjálfan hann og aðra.⁴

Í þessu hugtaki um menntun birtist hugsjón Guðmundar um möguleika manneskjunnar á að vaxa til ríkulegra tengsla við umhverfi sitt, bæði efnislegt og félagslegt, og til heilsteyptari tengsla við sjálfa sig. Þennan vöxt kallaði hann *menntun* og áleit að hann ætti að vera viðfangsefni skólanna. Og ef menntun í þessum skilningi var mikilvæg við upphaf 20. aldarinnar, þá er hún örugglega hvínandi nauðsynleg við upphaf þeirrar 21. – tíma sem einkennist af einstaklingsvæðingu og menningarlegri leysingu. Menntun í þessum skilningi hlýtur að verða markmið skólakerfisins, vilji það á annað borð takast á við samfélag nútímans – og ekki bara hefðbundinna skóla heldur líka símenntunarmiðstöðva og annarra stofnana sem vinna með skipulegum hætti að menntun fólks. Að því marki sem skólinn rís undir þessu hlutverki sínu, þá mun hann veita fólki inn í símenntunarmiðstöðvarnar í leit að frekari menntun. Og skortur á menntun í þessum skilningi í hinu hefðbundna skólakerfi, mun einnig sjá til þess að símenntunarmiðstöðvar hafi í nógu að snúast því þangað munu þær manneskjur leita sem hafa skotið því á frest að finna lífinu stefnu, en geta ekki lengur lifað á flótta.

² Guðmundur Finnbogason, *Lýðmenntun*, Reykjavík: Rannsóknastofa Kennaraháskóla Íslands, 1994, 34.

³ Guðmundur Finnbogason, *Lýðmenntun*, 32.

⁴ Guðmundur Finnbogason, *Lýðmenntun*, 33.